

Svar

menntamálaráðherra við fyrirspurn Björgvins G. Sigurðssonar um fartölvuvæðingu framhaldsskólanna.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

1. *Hvað hefur ráðherra gert til að stuðla að því að fartölvuvæða framhaldsskólana?*
2. *Hefur ráðherra beitt sér fyrir samningum um hagstæð innkaup skólanna á fartölvum?*
3. *Hvað hyggst ráðherra gera til að koma í veg fyrir að efnahagur mismuni nemendum og að fartölvuvæðingin skapi ójafnræði á milli barna efnaðra foreldra og efnaminni foreldra?*
4. *Hyggst ráðherra veita nemendum fjárhagsstuðning við fartölvukaupin og ef svo er, verður hann tengdur efnahag foreldranna?*

Ráðherra varpaði sumarið 1999 fram þeirri hugmynd að framhaldsskólar nýttu sér fartölvur í ríkari mæli í sínu starfi. Þessi hugmynd var kynnt á fundum í framhaldsskólum og einnig átti menntamálaráðuneytið viðræður við fyrirtæki um þátt þeirra. Niðurstaðan varð sú að skólum yrði í sjálfsvald sett hvernig þeir stæðu að fartölvumálum en ráðuneytið ákvað að styrkja tilraunir á þessu sviði í þremur þróunarskólum í upplýsingatækni. Eins og segir í stefnu ráðuneytisins um rafræna menntun, Forskot til framtíðar: „Reynsla af tilraunum í þróunarskólum með fartölvur og þráðlaus net verður nýtt til að finna raunhæfar og hagkvæmar leiðir í þessum efnum fyrir aðra framhaldsskóla.“ Í samvinnu við þróunarskóla í upplýsingatækni stendur ráðuneytið nú fyrir mati á reynslu skólanna af tilraunum með fartölvur. Í ljósi þeirra niðurstaðna verður framhaldið ákveðið.

Ráðuneytið hafði samráð við Ríkiskaup um sameiginleg kaup framhaldsskóla á fartölvum. Var óskað eftir tilboðum í fartölvur og þráðlaus net innan rammasamnings Ríkiskaupa. Í ljós kom að hvorki ráðuneytið né framhaldsskólar gátu skuldbundið sig til kaupa á fartölvum sem nægði til magnafsláttar. Tölvufyrirtæki höfðu síðan frumkvæði að því að bjóða skólum og nemendum fartölvur og tengingar á hagstæðum kjörum og hefur ráðuneytið fylgst með hvernig þau mál hafa þróast. Í ljósi reynslu þróunarskólanna mun ráðuneytið kanna leiðir til hagstæðra innkaupa á fartölvum í framtíðinni.

Möguleikar til að jafna tækifæri nemenda varðandi aðgengi að tölvum eru hluti af tilraunaverkefni þróunarskólanna. Sem dæmi má nefna að í Menntaskólanum á Akureyri hefur verið gerð tilraun með fartölvuver sem notað er til að útvega nemendum fartölvur á skólatíma og til kennslu í tilteknum áföngum. Lögð hefur verið áhersla á að í öllum skólum séu tölvuver þar sem nemendur hafa aðgang að tölvum.

Ekki eru áform um að veita nemendum fjárstuðning til kaupa á fartölvum.